

Ramljak gegn Króatíu
Dómur frá 27. júní 2017
Mál nr. 5856/13

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi
Sjálfstæði og óhlutdrægni dómstóls. Vanhæfi dómara.

1. Málsatvik

Kærandi, Milica Ramljak, er króatískur ríkisborgari. Hún er fædd 1962 og er búsett í Sinj í Króatíu. Kærandi hafði höfðað einkamál vegna tiltekins ágreinings og féllst undirréttur á kröfur hennar. Þeirri niðurstöðu var síðar snúið við á áfrýjunarstigi. Kærandi áfrýjaði þeirri niðurstöðu til Hæstaréttar Króatíu. Hún byggði á því að hafa ekki notið réttlátrar málsmeðferðar þar sem einn dómara hanna við áfrýjunardómstólinn var faðir lögfræðings sem starfaði á lögmannsstofu tveggja lögmanna sem sinnt höfðu hagsmunagæslu fyrir gagnaðila kæranda í umræddu einkamáli. Áfrýjun kæranda bar ekki árangur og var málinu vísað frá dómi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi brotið á rétti sínum til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi, sbr. 6. gr. sáttmálans, þar sem mál hennar hefði ekki hlotið skoðun óhlutdrægs dómstóls.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að engin gögn lögju fyrir um persónulega óhlutdrægni þess dómara við áfrýjunardómstólinn sem um ræddi. Varð því að skoða málið frá almennu sjónarhorni og meta hvort ásanir kæranda um hlutdrægni dómarans væru hlutlægt séð á rökum reistar. Talið var að eðli hinna persónulegu tengsla dómarans skiptu mestu máli við mat á því hvort réttmætur vafi um hæfi hans væri til staðar. Ekkert í gögnum máls benti til þess að dómari hanna hefði ekki þekkt þá staðreynd að sonur hans starfaði á lögmannsstofu lögmanna gagnaðila kæranda. Enn fremur benti ekkert til þess að dómari hanna hefði tilkynnt forseta áfrýjunardómstólsins um þessi tengsl. Hefði hann gert það hefði verið fjallað um hæfi hans til setu í málinu á fyrri stigum máls. Að mati dómstólsins leiddi sú staðreynd, að náinn fjölskyldumeðlimur dómarans átti í beinu vinnusambandi við lögmann gagnaðila, til vafa um hlutlægni dómarans. Væri þar ekki afgerandi að sonurinn hefði ekki komið að vinnu við málið og væri undirmaður viðkomandi lögmanna.

Dómstóllinn tók fram að ómögulegt væri að slá föstu hver áhrif umrædds

dómara hefðu verið á niðurstöðu áfrýjunardómstólsins þar sem ákvörðun var tekin á lokuðum fundi. Þó var hægt að staðhæfa að dómariinn hefði haft mikil áhrif á niðurstöðu málsins, en hann var einn þriggja dómara sem kváðu upp dóminn. Í ljósi þessa taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 6. gr. sáttmálans við meðferð málsins.

Króatíska ríkinu var gert að greiða kæranda 3.500 evrur í miskabætur, sbr. 41. gr. sáttmálans. Einn dómari skilaði séráliti.